

Nd.

155. Nefndarálit

[76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, en á það gat minni hlutinn ekki fallizt.

Með frv., ef að lögum verður, er ríkisstjórninni heimilað að leggja söluskatt á rekstur pósts og síma. Með þeim hætti yrði innheimta og bókhald þessara fyrirtækja nokkru þyngra í vöfum en ella. Hins vegar þarf ekki sérstakar heimildir í lögum til þess að hreyfa gjaldskrár pósts og síma, það geta stjórnarvöld gert, hvenær sem þeim býður svo við að horfa. Frumvarp þetta virðist því gersamlega þarflaust og meira en það, því að ákvæði þess mundu, ef til framkvæmda kæmu, verða til verulegs óhagræðis fyrir viðkomandi stofnanir. Við leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1967.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
frsm.

Lúðvík Jósefsson.

Skúli Guðmundsson.